



2.11.2025

Verk/Málefni: Þéttbýli Þingborg**Til:** Sveitarstjóra – Huldu Kristjánsdóttur**Frá:** Snerru ehf - Guðmundi Daníelssyni**Samrit:****Varðar:** Niðurstaða útboðs í verkið Þingborg – 1. áfangi dagsett 1.10.2025**Almennt:**

Í byrjun október auglýsti Flóahreppur eftir tilboðum í gatnagerð vegna fyrsta áfanga í gerð þéttbýlis við Þingborg. Ellefu tilboð bárust í verkið eins og fram kemur í fundargerð opnunarfundar frá 22.10.2025.

Öll tilboðin ellefu hafa verið yfirfarin og á þann hátt staðfest að ekki leynist villur í útreikningum né einingaverðum sem kunna að hafa áhrif á þær niðurstöðutölur sem lesnar voru upp við opnun tilboða. Hér með staðfestist að þær upphæðir sem lesnar voru upp á opnunarfundi tilboða eru í samræmi við einingaverð og útreikninga þeirra gagna er fylgdu tilboðsblöðum bjóðenda.

Í kafla 0.1.3 í útboðsgögnum eru tilgreind atriði sem verktaki verksins þarf m.a. að uppfylla til þess að teljast hæfur til verksins. Óskað var eftir upplýsingum um þau atriði frá þremur verktökum sem buðu lægsta upphæð í útboðinu, Gröfutækni ehf, Gröfupjónustu Steins ehf og Jarðtækni ehf. Fulltrúar allra félaga skiluðu inn fullnægjandi gögnum sem sýna fram á hæfni þeirra samkvæmt útboðsgögnum.

Gröfutækni ehf bauð 99.981.500,- í verkefnið sem er jafnframt lægsta upphæð sem boðin var og uppfylla jafnframt þær kröfur fram koma í útboðsgögnum.

Niðurlag:

Á grundvelli þess sem hér kemur fram er lagt til að sveitarstjórn veiti sveitarstjóra umboð til þess að undirrita verksamning fyrir hönd sveitarfélagsins við Gröfutækni ehf á grundvelli tilboðs þeirra þegar önnur gögn, svo sem verk-og tímaáætlun liggur fyrir frá verktaka.